

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 17. október 1996****um framkvæmd 2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum(\*)**

(96/627/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum<sup>(1)</sup>, einkum 2. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum<sup>(2)</sup>, einkum 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að fastsetja lokadag aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í tilskipun 77/311/EBE þannig að hávaðamörk fyrir öikumenn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, geti tekið gildi.

Þetta er nauðsynlegt til þess að skapa skýr og traust rammaákvæði og til þess að tryggja að sömu reglum um hávaðamörk sé beitt á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðlögunartímabilinu, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 77/311/EBE, skal ljúka 1. október 1999.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg ákvæði til að fara að ákvörðun þessari fyrir 30. september 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. október 1996.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 72, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 2.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.